

G u ð b j ö r n J ó n s s o n
R á ð g j ö f o g r é t t a r g r e i n i n g

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
b.t. Auður Steingrimsdóttir
Suðurgötu 1, 550 Sauðárkróki

Reykjavík 9. júní 2015

ERINDIÐ: Við hjónin höfum verið stuðningsforeldrar barna á vegum ABC barnahjálpar og erum um þessar mundir að styðja ákveðið stúlkubarn í Kenya. Mánaðarlega er skuldfært á kreditkort konu minnar gjald til greiðslu framfærslu og menntunar barnsins. Fer sú greiðsla til ABC á Íslandi og samkvæmt samingsskipulagi á að áframsenda hana þaðan til ABC Children Aid, Kenya, án skerðinga.

Í maí mánuði s. l. bárust okkur fregnir af því að framfærsluféð fyrir maímánuð hefði ekki borist 5. dag mánaðarins eins og venjulega. Og þegar þessu erindi er lokað, að kvöldi 7. júní, hefur ekki heldur borist framfærsluféð fyrir júnímánuð.

Við höfum séð hótanir, sem lagðar voru fram í nafni stjórnar ABC barnahjálpar International, um að peningunum til Kenya verði ekki skilað til löglegrar stjórnar starfsins í Kenya, heldur greiddir öðrum aðila sem enga aðkomu hafa að skólum eða barnaheimilum starfsins í Kenya. Hér er á ferðinni grafalvarlegt mál sem brýnt er að fá skoðað af ríkri réttlætiskennnd. Svára þarf þeirri spurningu hvort svona framkoma geti **talist réttlætianleg eða lögmæt**, að hald sé lagt á það fjármagn sem við stuðningsforeldrar barna í Kenya höfum lagt fram, sé gert upptækt, **án dóms eða eðlilegra réttarfarsreglna**, af aðilum sem vafi leikur á að hafi réttarstöðu til slíkra ákvarðana. Málið þarf fljóta skoðun og afgreiðslu ef framfærsla u.þ.b. þúsund barna á ekki að flosna upp í hreinni vitleysu.

Eins og ég gat um í símtalinu við þig, hef ég verið að skoða ABC barnahjálpar á Íslandi og því miður þegar séð MJÖG alvarlega farið á skjön við lög og reglur. EN, þegar ég fékk sendinguna frá þér, þann 3. júní s. l. skapaðist heilstæð mynd af stofnuninni ABC barnahjálpar International.

Hjá embætti Ríkisskattstjóra fékk ég eintak af skipulagsskrá fyrir ABC barnahjálpar International, undirrituð 27. febrúar 2007 en stimpluð móttækin hjá Fyrirtækjaskrá þann 22. febrúar 2007, ásamt lista yfir 12 stjórnarmenn og 12 varamenn í stjórn umræddrar stofnunar.

Í 7. gr. þeirrar skipulagsskrár segir að „*Æðsta vald stofnunarinnar er stjórn hennar.*“ Þá segir að stjórnin skuli skipuð 12 mönnum og 12 til vara og kjörtímabil stjórnarmanna skuli vera 3 ár. Þá segir svo í 5. mgr. 7. gr.

„Um leið og einhver lætur af stjórnarstörfum velur meirihluti stjórnar nýjan stjórnarmann í hans stað. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn eins oft og þurfa þykir.“

Í 6. mgr. 7. gr. segir eftirfarandi:

„Frumkvöðlar ABC, Guðrún Margrét Pálsdóttir og Hannes Lentz, skulu gegna stöðu formanns og varaformanns stofnunarinnar. Skulu þau eiga þann rétt ávilangt.“

Hér er greinilega vísitandi farið rangt með staðreyndir, því fyrir liggur í stofngögnum hjá Fyrirtækjaskrá um stofnun **félagsins ABC hjálparstarf kt: 690688-1589** á árinu 1988, að stofnandi þess sé **Georg Ólafur Tryggvason kt: 191155-7349**. Meðstofnendur eru Guðrún Margrét Pálsdóttir kt: 150359-3849 og Halldór Pálsson kt: 150448-2479. Hannes Lentz er hvergi nefndur í stofngögnum að félaginu ABC hjálparstarf og getur því ekki talist frumkvöðull þess.

Í 13. gr. stofn Skipulagsskrár fyrir ABC barnahjálpar International segir svo í 1. mgr.

„Skipulagsskrá þessari má breyta af 2/3 hluta stjórnarmanna auk atkvæðis stjórnarformanns. Sömuleiðis geta 2/3 hlutar stjórnarmanna auk atkvæðis stjórnarformanns vikið manni úr stjórn og kosið nýjan.“

Vakin er sérstök athygli á þessu ákvæði í ljósi þess sem á eftir kemur. Hvergi er í skipulagsskrá þessari getið um hvenær skuli skila ársreikning og ársskýrslu stjórnar, þó slíkt sé tiltekið í lögum. Ekki er heldur getið um hvert skuli vera starfsár eða reikningsár stofnunarinnar, þó greinilega sé gengið út frá því að það sé almanaksárið.

Í 4. gr. skipulagsskrár segir að: „*Stofnendur stofnunarinnar eru Guðrún Margrét Pálsdóttir og Hannes Lentz.*“ Hvergi er á það minnst hvernig velja skuli þá 22 stjórnar- og varastjórnarmenn sem velja þarf til viðbótar hinum skráðu stofnendum, að öðru leyti en því að þeir þurfi að vera kosnir af 2/3 þeirrar stjórnar sem valin var til skráningar með stofngögnum.

Í 1. mgr. 4. gr. segir að „*Stofnfé stofnunarinnar er kr. 700.000. Er það lagt fram af Vinafélagi ABC barnahjálpar, ABC barnahjálpar á Íslandi með framlögum velunnara.*“

Vinafélagið mun vera 40 fyrirtæki sem veita reglulega fjármagni m. a. til reksturs á skrifstofu ABC hjálparstafs hér á landi. Er það sjálfgefið að þessir aðilar eigi enga aðkomu að ákvörðun um notkun á því fjármagni sem þeir leggja fram? Þá má líka líta til þess að aðalstarfsemi ABC barnahjálpar á Íslandi er móttaka á fjármagni sem afhent er til skilyrtrar ráðstöfunar. Getur þar t. d. verið um að ræða samning viðkomandi gefanda, um mánaðarlegan framfærslustyrk handa tilteknu barni í tilteknu landi; peninga sem fara eiga til framfærslu og menntunar barnsins. Þeir aðilar sem láta slíkt fé af hendi eru **EKKI að gefa ABC eigin tekjur til ráðstöfunar að eigin ákvörðun**. Sama er um skilyrtar safnanir **til ákveðinna tiltekinnar verkefna í tilteknu landi**. Nefna má t. d. söfnunina „*börn hjálpa börnum*“ sem fram fer árlega. Þar er ævinlega safnað fyrir skilgreindum verkefnum **en ekki safnað tekjum fyrir ABC á Íslandi**.

Sama má einnig segja um sérstök sérverkefni, eins og t. d. þegar þjóðin brást við neyðarkalli Þórunnar Helgadóttur, formanns starfsins í Kenya, þegar bankahrunið olli gjaldeyrishruni og tekjur þeirra lækkuðu um helming á einum mánuði. Þjóðin brást við neyðarkallinu frá Kenya og safnað var, að því að mér skilst 10 milljónum króna. Þessum peningum var ekki skilað til starfsins í Kenya, þangað sem þjóðin gaf fjármagnið. Það var lagt í almennan neyðarsjóð alls ABC starfsins og að því er mér skilst kom einungis 1/10 (ein milljón) þess fjármagns sem þjóðin gaf starfinu í Kenya, til skila til þeirra. Hitt (u.þ.b. 9 milljónir) tók stjórn ABC á Íslandi ófrjálsri hendi og ráðstafaði því að eigin ákvörðun, **án samráðs við gefendur fjárins**. Þar var ekki um að ræða tekjur til ABC á Íslandi.

Þegar af gaumgæfni er lesið í atlaða starfsemi ABC barnahjálpar International, virðist ljóst að ekki er um að ræða sjóð sem deilir út styrkjum frá ávöxtun eigin sjóða. Um er að ræða atvinnustarfsemi sem sinna þarf í öllum mánuðum ársins við móttöku fjármuna frá stuðningsforeldrum barna, ef einhverjir finnast. ABC barnahjálpar á Íslandi er þegar komið með samninga við stuðningsforeldra þeirra þúsunda barna sem fólk hefur gengist undir að veita framfærslu. Þessu fjármagni þarf ABC á Íslandi í hverjum mánuði ársins, að koma milliliðalaust til rétttra eigenda, sem eru rekstrarfélög barnastarfsins í viðkomandi löndum. Sú starfsemi sem fram fer í þessum tveimur stofnunum ABC á Íslandi og ABC International er þannig starfsemi að hún á tvímælalaust að vera skráð undir lögum nr. 33/1999, en ekki lögum nr. 19/1988.

Af þeim gögnum sem ég hef getað nálgast um ABC barnahjálpar International, lítur helst út fyrir að sú stofnun hafi átt að vera einhverskonar samráðsvettvangur fyrir forstöðufólk hjálparstarfs ABC í hinum ýmsu löndum. Rennir skipun fyrstu stjórnar stoðum undir þær kenningar, því stjórnarmenn fyrstu stjórnar koma frá flestum þeim löndum sem ABC starfsemi var til staðar. Sá samráðsvettvangur virðist hins vegar aldrei hafa verið hannaður eða settur í skipulagsskrá, heldur notuð afritun af skipulagsskrá ABC á Íslandi, sem engan vegin var lýsandi fyrir fjölbjóða samstarf um að hjálpa börnum til sjálfshjálpar.

Fyrsta skipulagsskrá ABC barnahjálpar International er dagsett 27. febrúar 2007 og stimpluð móttækin af Fyrirtækjaskrá RSK þann 5. mars 2007. Ekki er hægt að sjá dagsetninguna á staðfestingu sýslumanns á Sauðárkróki, því stimplað er beint ofan í dagsetninguna. Þó má sjá að staðfestingin er í mars 2007. Með þeirri skipulagsskrá fylgdi fullmannaður stjórnarlisti.

Sú skipulagsskrá fyrir ABC barnahjálpar International, sem ég fékk senda frá embætti ykkar þ. 3. júní 2015, er dagsett í Reykjavík 19. mars 2007 og staðfest af embætti ykkar þann 23. maí 2007. Óverulegar breytingar virðast hafa verið gerðar á Skipulagsskránni á þeim 20 dögum sem liðnir voru frá framlagningu stofn skipulagsskrár. Ekki verður séð af skipulagsskránni dags. 19. mars 2007, að hún hafi verið samþykkt að 2/3 stjórnarmanna, en vænta verður að sú staðfesting liggi hjá ykkur, fyrst þið staðfestuð breytinguna.

Kjörtímabil þeirrar stjórnar ABC barnahjálpar International sem tilkynnt var með stofngögnum, var 3 ár, eða frá 27. febrúar 2007 til 26 febrúar 2010. Í gögnum sem ég fékk frá embætti ykkar er að finna lista með 6 nöfnum sem segjast hafa gengið í stjórn ABC barnahjálpar International þann 7. júlí 2009. Listi þessi er undirritaður af Guðrúnu Margréti Pálsdóttur þann 15. júlí 2007

Engar skýringar koma fram er upplýsi hvað veldur kjöri 6 manna í stjórn stofnunarinnar áður en kjörtímabil kjörinnar stjórnar er búið. Engar upplýsingar um hverjir viku úr stjórninni og hver kemur í staðinn fyrir hvern, því stjórnarfolk kom frá flestum starfslöndum ABC barnahjálpar en nýja fólkid er allt frá Íslandi.

Þá fylgdi með gögnum frá embætti ykkar annar listi dagsettur 7. júlí 2009, yfir 8 varastjórnarmenn sem segjast hafa verið að taka sæti í varastjórn ABC International. Er þar einnig um að ræða breytingu á miðju kjörtímabili en engar skýringar á því hvers vegna fólk frá starfslöndum starfsins er að yfirgefa stjórnina.

Ljóst er að til þess að þessar breytingar geti verið löglegar, verður stjórnin sem skipuð var við stofnun stofnunarinnar að greiða atkvæði og kjósa nýja stjórnarmenn, því nýtt stjórnarfolk fær ekki atkvæðisrétt fyrir en EFTIR að kosningu líkur og ljóst var hverjir höfðu fengið meirihluta atkvæða.

Þá er einnig rétt að vekja athygli á því sem segir í síðasta málslið 1. mgr. 7. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar en þar segir eftirfarandi um kosningu nýs stjórnarmanns innan yfirstandandi kjörtímabils:

„Er kjörtímabil þeirra hið sama og þess stjórnarmanns sem upphaflega var kjörinn.“

Ef allar forsendur eru til staðar um lögmætan fund og lögmæta kosningu stjórnarmanna, í stað þeirra sem sagt hafa af sér, hefði kjörtímabili þeirra sem árið 2009 voru kosnir, átt að ljúka þann 26. febrúar 2010, þegar kjörtímabili fyrstu stjórnar lauk. **EKKERT virðist hins vegar benda til þess að boðað hafi verið til kosninga á því ári.**

Samkvæmt upplýsingum úr Fyrirtækjaskrá RSK, bárust engin formleg skjöl eða tilkynningar frá ABC barnahjálpar International frá 5. mars 2007 til 13. júní 2014. Stjórnarbreytingin árið 2009 hefur því líklega ekki verið talin lögleg og því ekki skráð. **Eina löglega stjórn stofnunarinnar ABC barnahjálpar International, lauk kjörtímabili sínu í lok febrúar 2010, án þess að vera endurkjörin. Frá þeim tíma virðist ekki hafa verið lögleg stjórn í stofnuninni.**

Næsti listi yfir stjórnarmenn í ABC barnahjálpar International er fenginn hjá Fyrirtækjaskrá RSK. Er hann ódagsettur en stimplaður mótttekinn hjá Fyrirtækjaskrá 13. júní 2014, **fjórum árum og fjórum mánuðum eftir að kjörtímabili síðustu stjórnar lauk í febrúar 2010.** Sama dag er þessi listi líka stimplaður mótttekinn af Sýslumannsembætti á Sauðárkróki. Listi þessi ber nöfn 12 stjórnarmanna og níu varamanna í stjórn. Ítarlegri útfærsla þessa lista, með heimilsföngum og kennitölum, var send fyrirtækjaskrá þann 3. júlí 2014.

Við venjulegar aðstæður, þar sem fyrsti varamaður tekur sæti hvaða stjórnarmanns sem er, gæti þetta verið í lagi. Í skipulagsskrá þessarar stofnunar er hins vegar gert ráð fyrir að hver stjórnarmaður hafi SINN VARAMANN. Veldur það því að þegar einungis eru níu varamenn, hafa stjórnarmenn nr. 10, 11 og 12 engan varamann, verði þeir forfallaðir.

Þá vekur athygli að einungis 3, af 12 stjórnarmönnum á listanum, áttu sæti í upphaflegu stjórninni, sem lauk kjörtímabili sínu í febrúar 2010. Og þrír eru á listanum sem sagðir voru kosnir inn í stjórn á árinu 2009 og miðað við 1. mgr. 7. gr. skipulagsskrár, luku þeir einnig kjörtímabili sínu í febrúar 2010. Þannig

var listinn skipaður sem lagður er fram þann 13. júní 2014. Af þeim nú varamönnum sem eru á listanum frá 13. júní 2014, var einn úr upphaflegu stjórninni (varaformaðurinn) en fjórir af listanum frá 2009.

Í 5. mgr. 7. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar, segir að: „*Um leið og einhver lætur af stjórnarstörfum velur meirihluti stjórnar nýjan stjórnarmann í hans stað.*“

Ekki er í skipulagsskrá gert ráð fyrir að upphaflegir stofnendur stofnunarinnar geti einir, eftir að stofnunin hefur verið stofnuð og skráð, lagt fram lista yfir stjórnarfólk **sem fyrri stjórn þurfi ekki að kjósa um eða velja nöfn í nýja stjórn**. Hvaðan kemur heimildin til að leggja fram svona lista? Er sú heimild byggð á fundargerð fundar sem virðist hafa verið haldinn 3. eða 4. júní 2014 og mætingalista manna á þann fund?

Næsta tilkynning um breytingu á stjórn ABC barnahjálpar International er dagsett 28.10.2014. Á skjalið er stimplað MÓTTEKIÐ hjá Sýslumanninum á Sauðárkróki þann 24. nóv. 2014 Skjalið er hins vegar ekki stimplað eða skráð móttekið hjá Fyrirtækjaskrá RSK fyrr en 27.01.2015. Er þar um að ræða síðasta skjal sem skráð er á ABC barnahjálpar International.

Á þessu umrædda skjali er tilkynnt um 7 manna stjórn og 3 varamenn í ABC barnahjálpar International. Þessi fjöldi stjórnarmanna er ekki í samræmi við ákvæði 1. mgr. 7. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar. Engin lögleg stjórn virðist hafa verið í þessari stofnun síðan í lok febrúar 2010. Í skipulagsskrá stofnunarinnar segir í 1. mgr. 13. gr. að:

„Skipulagsskrá þessari má breyta af 2/3 hluta stjórnarmanna auk atkvæðis stjórnarformanns.“

Þar sem ENGIN lögleg stjórn virðist vera í stofnuninni, verður ekki auðveldlega séð hverjir eigi að breyta skipulagsskrá og stjórn stofnunarinnar.

Niðurstaða / Samandregið

Fyrir það fyrsta ber á það að líta að skráðir stofnendur ABC barnahjálpar International eru sömu aðilar og annast rekstur ABC barnahjálpar á Íslandi. Af skipulagsskrá ABC barnahjálpar International má sjá í 2. gr. að **EDLI** stofnunarinnar er það sama og er í ABC barnahjálpar á Íslandi, sem stjórnað er af sama fólki. **Tilgangur** ABC International, samkv. 3. gr. skipulagsskrár er sami og fram kemur í skipulagsskrá ABC á Íslandi.

Í 4. gr. skipulagsskrár ABC International er í meginatriðum tilgreind öll sömu atriðin og fram koma í skipulagsskrá ABC á Íslandi. Engar skýringar eða fyrirmæli eru í skipulagsskrá ABC International um hvernig samstarfi þeirrar stofnunar við ABC á Íslandi verði háttáð og yfirhöfuð ekkert fjallað um starfsemi stofnunarinnar.

Það er dálítið merkilegt að sjá að fólk geti skráð tvær svona Sjálfseignarstofnanir, í öllum meginatriðum eins, báðar nánast eignalausar. Einnig er merkilegt að sjá að ekki skuli hafa verið gerð athugasemd við að í 5. gr. skipulagsskrár ABC barnahjálpar International, segir eftirfarandi í 1. málslíð:

„Stofnfé stofnunarinnar er kr. 700.000. Er það lagt til af Vinafélagi ABC barnahjálpar og ABC barnahjálpar á Íslandi með framlögum velunnara.“

Þá segir í síðasta málslíð 5. gr. að:

„Stofnendur stofnunarinnar eru Guðrún Margrét Pálsdóttir og Hannes Lentz.“

Þegar litið er til laga nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, vekur verulega undrun hve aðhald og eftirlit er lítið varðandi stofnun slíkra stofnana.

Í því tilviki sem hér um ræðir, liggur ljóst fyrir að þessi stofnun ABC barnahjálpar International, á ALLS EKKI RÉTT Á SKRÁNINGU UNDIR LÖGUM nr. 19/1988. Í fyrsta lagi liggur ljóst fyrir í texta laganna að þar sé um að ræða sjóð eða stofnun er haldi utan um eignasafn, sem noti arðgreiðslur til sjóðsins, vaxta- eða leigutekjur af eignasafninu, til styrkveitinga eftir tillögum stjórnar sjóðsins.

Í lögum nr. 19/1988 er hvergi að finna heimildir stofnunar sem stofnuð er undir þeim lögum, til að **stunda fjársafnanir eða á annan hátt stunda rekstur** til fjáröflunar eða góðgerðarmála. Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 19/1988 segir eftirfarandi:

„Í skipulagsskrá skal greina stofnfé og hvaðan það er runnið, svo og hvert skuli vera markmið sjóðs eða stofnunar og hvernig fé skuli varið til að ná þeim markmiðum.“

Þarna kemur skýrt fram að stofnféð á að vera komið í sjóðinn (*hvaðan það er runnið*) og síðan *hvernig fé skuli varið til að ná þeim markmiðum*. Hvergi er að finna heimild stofnunar undir þessum lögum til reksturs starfsemi til tekjuöflunar til framkvæmdar markmiðum sínum.

Hér að framan er getið um að stofnfé ABC International hafi verið kr. 700.000, lagt fram af Vinafélagi ABC (*samkv. ársreikningum þess kr. 470.000 stofnfé í ABC International*) Hins vegar er stofnfé skráð á ABC barnahjálpi á Íslandi, **með framlögum velunnara**. (í ársreikningum ABC Íslandi kr 230.000 stofnfé í ABC International)

Athygli vekur, eins og fram kemur í síðasta málslið 5. gr. hér að framan, **að tilgreindir stofnendur eru taldir aðrir en þeir sem eru eigendur stofnfjár**.

Eins og hér hefur verið bent á, er hvergi í lögum nr. 19/1988 getið um beina tekjuöflun (fjáröfnun eða aðrar fjáraflanir) til að bera uppi starfsemi stofnunarinnar. Einnig má benda á að í 4. tölulið 6. gr. Reglugerðar nr. 140/2008 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá segir eftirfarandi:

„Stofnskrá sjálfseignarstofnunarinnar eða t.d. gjafabréf eða erfðaskrá, ef annar löggerningur en skipulagsskráin liggur stofnuninni til grundvallar.“

Allt ber þetta að sama brunni. Stofnun sem heima á undir þessum lögum virðist stofnun eða sjóður með eignasafn en ekki með í skipulagsskrá sinni áform um tekjuöflun með almennri fjáröfnun.

Slík starfsemi heyrir tvímælalaust undir lög nr. 33/1999, ef um sjálfseignarstofnun er að ræða.

Eins og frá hefur verið greint höfum við hjónin lengi verið stuðningsforeldrar ABC barna og erum nú að styðja stúlku í Kenya. Í kjölfar fregna af því að sameina ætti ABC einhverju félagi í Svíþjóð og stjórna starfinu þaðan, fór ég að kanna hvenig slíkar ákvarðanir væru teknar hjá stofnun sem líklega hefur gert nokkur þúsund samninga við fólk eins og okkur, þar sem ABC tekur að sér að koma framlögum stuðningsforeldra reglulega (mánaðarlega 5. dag mánaðar) til skila til þess landsfélags sem hefur barnið hjá sér og sér um skólagöngu þess og allt atlæti.

Í ljós kom að greiðsla framlags okkar fyrir maí 2015, barst ekki til Kenya og fregnir bárust af því að stjórn ABC hefði einnig lagt hald á hluta styrks frá Ríkssjóði, sem veittur var til að byggja viðbót við skólabyggingu hjá ABC Children Aid Kenya, sem ríkið hafði áður styrkt. Utanríkisráðuneytið hafði verið ánægt með nýtingu fjármagnsins og skil á skýrslum og upplýsingum. Þá viðurkenningu heyri ég með eigin eyrum á dögnum á fundi í ráðuneytinu. Nú er kominn 6. júní 2015 og júní greiðsla til framfærslu barns í Kenya er ekki komin til skila.

Af einhverjum afar torskildum ástæðum telur ABC á Íslandi sig eiga þessa peninga okkar og ráða því sjálft hvort það sendir þá eða ekki. Sú ákvörðun virðist tekin bæði í nafni ABC barnahjálpi International og einnig ABC barnahjálpi á Íslandi. Stjórn ABC á Íslandi segist vera búin að reka úr starfi formann sjálfstæðs félags í Kenya (ABC Children's Aid Kenya), þó ABC á Íslandi eigi enga beina aðkomu að Kenyafélaginu og enginn fundur verið haldinn í Kenyafélaginu um slíkt mál. Rússibani þessi er enn vitlausari fyrir þær sakir að bæði formaður og framkvæmdastjóri ABC á Íslandi segja að ekkert sé upp á starfseminu í Kenya að klaga. Framkvæmdastjórinn á Íslandi er hins vegar afar ötull við að eyðileggja starfsumhverfi Kenyafélagsins með dreifingu ósanninda og óhróðurs sem enga stoð eiga í raunveruleikanum.

Ég velti fyrir mér hver sé réttarstaða þeirra stuðningsforeldra þessara barna í Kenya, sem nú hafa greitt inn til ABC á Íslandi framfærslufé barnanna fyrir tvo mánuði, sem ekki hefur verið skilað til Kenya. Spurningin er hvort við þurfum að taka bankalán til að forða neyðarástandi meðan aðstoðar er leitað til að ná þessu fé okkar til baka? ABC er algjörlega eignalaus stofnun. Samkvæmt Ársreikningum eru **Fastafjármunir** stofnunarinnar einungis eignarhluti í ABC International að verðmæti kr. 230.000 **en engin stofnsjóðsinneign**. Annað hefði í raun mátt ætla af grundvelli nafnsins Sjálfseignastofnun. ABC á Íslandi er í leiguhúsnæði og líklega á Vinafélag ABC allan skrifstofubúnað.

Sjálfseignastofnunin ABC er því ekki með neinar eignir sem hægt væri að gera fjárnám í ef gerð væri krafa á ABC um endurgreiðslu þess framfærslueyris frá stuðningsforeldrum sem ekki hefur verið sendur til barnanna í Kenya. Ljóst er að þarna taka stjórnendur ABC á Íslandi framfærslueyri barnanna í gíslingu í afar heimskulegri framgöngu sinni til að hrekja farsælan stofnanda og stjórnanda starfsins í Kenya frá störfum, án þess að þora að leggja slíkt fyrir rétt yfirvöld í Kenya, eða funda þar í sjálfstæðu landsfélagi þar (ABC Children Aid Kenya) sem annast starfsemina í Kenya sem fólk héðan styður í gegnum ABC. Það fer ekki mikið fyrir Guðs-kærleikanum í framkomu stjórnenda ABC á Íslandi gagnvart þeim mikla fjölda barna í Kenya sem eru nú í verulegri hættu með skólagöngu og framfærslu, vegna þess að ABC á Íslandi hefur lagt hald á fjármuni stuðningsforeldranna og hafnar að skila því, nema stofnandi starfsins þar hverfi frá störfum. Segja þeir að slíkt sé vegna trúnaðarbrests, en viðurkenna á sama tíma að ekkert sé út á starfið í Kenya að setja. Þetta er hringavitleysa sem gæti steipt afgerandi vandamálum yfir þúsundir barna, víða í heiminum, ef stuðningsforeldrar misstu tiltrú til ABC.

Ég greini ykkur frá þessu til að skerpa hugsun ykkar um þá ábyrgð sem hvílir á ykkur, sem eftirlitsaðilum með því að ekki sé farið í kringum tilgang laganna, eins og virðist hafa verið gert við skráningu ABC á Íslandi og ABC International, sem Sjálfseignarstofnanir, án þess að þessar stofnair ættu neinar eignir til að standa undir þeirri starfsemi sem skipulagsskrá beggja gerir ráð fyrir. Þessi félög geta varla átt rétt á að vera skráð sem Sjálfseignastofnun, svo algjörlega eignalaus sem þau eru, samkvæmt Ársreikningum, þar sem ENGA STOFNSJÓÐS INNEIGN ER AÐ FINNA, enda byggja bæði þessi félög á beinni tekjuöflun til starfsemi sinnar en ekki útdeilingu á ávöxtun eignasafns.

Af áralangri reynslu minni af bókhaldi, ársuppgjörum og gerð ársreikninga, ásamt nokkuð ljósri vitund um starfsemi ABC undanfarna tvo áratugi, tel ég ljóst að Ársreikningar ABC barnahjálpar International séu nokkuð augljós tilbúningur, því þessi stofnun hefur enga sjálfstæða starfsemi haft síðan hún var stofnuð. Ég er ekki þar með að segja að fjármagn hafi verið fært eitthvað annað. Hins vegar tel ég ljóst að endurskoðun LÖGGILTS endurskoðanda sé verulega ábótavant. Ég leyfi mér að vænta þess að embætti ykkar og embætti Ríkisendurskoðanda, sem mun fá afrit af þessu, grípi til viðeigandi ráðstafana svo stöðva megi þá óheillaþróun sem orðið hefur í því göfuga starfi sem formaður ABC á Íslandi, Guðrún Margrét Pálsdóttir hefur beitt sér fyrir um árabíl. Því miður lítur út fyrir að hún hafi nú villst af vegi Guðs, samhliða því að frá fólki í starfinu heyrir að All veruleg umskipti virðist hafa orðið eftir að skipt var um framkvæmdastjóra fyrir skömmu. Með hryggð í huga horfir maður á eftir hinu farsælu árum Guðrúnar Margrétar undir blessun Guðs, verða nú að næsta glæpsamlegri framkomu gagnvart saklausum börnum og stuðningsforseldrum þeirra, sem treyst hafa á heiðarleika og vegsemd kærleikans í starfi ABC.

Virðingarfyllt

Guðbjörn Jónsson

Afrit sent:

Ríkisendurskoðun

Guðrúnu Margréti Pálsdóttur, formanni ABC á Íslandi

Einari Gauta Steingrímssyni, lögmanni ABC á Íslandi

Pórunni Helgadóttur, formanni ABC Children Aid, Kenya.